



Nefndarsvið Alþingis

Gunnarsholti 18. mars 2019

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um uppgræðslu lands og ræktun túna 397. mál

Landgræðslunni barst til umsagnar tillaga til þingsályktunar um uppgræðslu lands og ræktun túna. Landgræðslan hefur kynnt sér tillöguna og byggir umsögn stofnunarinnar á lögum um landgræðslu nr. 155/2018 einkum er lýtur að gróðurvernd, stöðvun jarðvegseyðingar og uppgræðslu eyddra og vangróinna landa.

Umframuppskera af túnum hefur um áratuga skeið verið nýtt til jarðvegsverndar og uppgræðslu. Aðferðin hefur reynst einkar vel við að loka rofabörðum og öðrum berum moldum þar sem jarðvegur er enn að eyðast. Á undanförunum árum hafa árlega um 1.000 rúllur verið nýttar til slíkrar uppgræðslu í gegn um samstarfsverkefni Landgræðslunnar við bændur s.s. Bændur græða landið og Landbótasjóð. Þá hefur stofnunin nýtt rúllur til uppgræðslu þar sem sandfok er mikið s.s. í nágrenni Landeyjahafnar og við Vík í Mýrdal.

Stofnunin telur að nýting á umframbirgðum af heyjum til uppgræðslu séu af hinu góða og muni geta lagt lóð á vogaskálar uppgræðslu í landinu, sem er mjög brýnt viðfangsefni og hefur verið lengi. Slík verkefni nýtast einnig beint við aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018-2030, ekki síst ef horft er til þess að flest verkefni sem rúllur eru nýttar í hafa það að meginmarkmiði að stöðva jarðvegseyðingu. Þá er umhverfisávinningur þess að nýta efni sem til fellur innanlands til uppgræðslu í stað þess að flytja inn tilbúinn áburð ótvíræður.

Virðingarfyllst,
f.h. Landgræðslunnar

Gústav Ásbjörnsson,
sviðsstjóri landverndarsviðs